



Stjórnarfundur Félags prófessora við ríkisháskóla

9. fundur stjórnar 2024-2025 mánudaginn 16. september 2024

kl. 15.15 - 16.00 haldinn á Teams

Mætt á Teams: Sigrún Ólafsdóttir formaður, Eyja Margrét Jónhönnu Brynjarsdóttir, Guðný Björk Eydal, Hermína Gunnþórsdóttir, Ólafur Páll Jónsson og Ragna Benedikta Garðarsdóttir.

Forföll: Zophonías Oddur Jónsson og Þóroddur Bjarnason.

Lilja Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum:

1. Staðan í kjaraviðræðum.
2. Önnur mál.

Sigrún Ólafsdóttir formaður Félags prófessora við ríkisháskóla (FPR) setti fundinn kl. 15.15.

1. Staðan í kjaraviðræðum.

Staðan í kjaraviðræðum var til umræðu og rætt um umræðu- og kynningarfund félagsins sem verður með félagsfólki kl. 16 þann sama dag á Teams. Tilgangur fundarins er að upplýsa um stöðuna í kjaraviðræðum og umræður á eftir um málið. Umsjón með fundinum er í höndum fulltrúa í samninganefnd FPR, þau Sigrún, Ólafur Páll og Ragna.

Eftirfarandi kom fram í fundarboði: Félögin þrjú, FPR, FH og FHA hafa kynnt sameiginlegar áherslur í yfirstandandi kjaraviðræðum. Fundir með SNR hafa ekki skilað tilætluðum árangri og eru á viðkvæmu stigi. SNR hefur lagt ríka áherslu á að ekki verði samið um hækkunir umfram þær sem náðust á almennum markaði fyrir á árinu. Samhliða viðræðum við SNR hafa félögin þrjú átt fundi með HÍ um stofnanasamninga og með rektorum ríkisháskólanna.

Kaupmáttur prófessora hefur staðið í stað í næstum áratug og ljóst er að sú hækkun sem býðst dugar ekki til að auka kaupmátt prófessora í takt við aukningu á almennum markaði. Staðan er því snúin. Félögin leggja áherslu á að bæta réttindi og starfsaðstæður félagsfólks og að gildistími samningsins verði frá 1. apríl 2024, þegar fyrra samningstímabili lauk.

Mikilvægt er að ná fram styttingu vinnuvikunnar fyrir akademískt starfsfólk og að greitt verði fyrir kennsluyfirvinnu eins og fyrir aðra yfirvinnu eins og kemur fram í miðlægum kjarasamningi. Þá þarf að virkja þá launaflokka sem bætt var við launatöfluna í síðustu samningum og meta menntun til launa eins og doktorspróf.

Rætt var um mikilvægi þess að fólki léti í sér heyra með greinarskrifum og fleira.

2. Önnur mál.

Það voru engin önnur mál.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 15.55.

Fundarritari: LÞ.